

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans¹					
<ul style="list-style-type: none"> Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara 	Auglýst árlega eftir kennaramenntuðum starfsmönnum. Sveitarfélögin styrkja starfsmenn til náms þ.e. starfsmenn fá að fara í skóla á launum og geta sótt um styrk.	Alltaf í gangi	Alltaf í gangi	Leikskólastjóri og Oddi	Skoðað á Vorfundi Odda ár hvert.
<ul style="list-style-type: none"> Leita þarf leiða til að sameina alla starfsemi leikskólans á einum stað í sameiginlegu húsnæði leik- og grunnskólans og finna betri lausn á staðsetningu og aðbúnaði á útileiksvæði 	Leikskólastjóri sendi greinargerð til ráðamanna vor 2020 um aðbúnað og starfsumhverfi þar sem óskað var eftir fundi með ráðamönnum. Farið var yfir stöðuna með Sveitarstjóra. Í september 2021 var byrjað á að fara yfir húsnæðið á Laugalandi (bæði grunn- og leikskóla) og athugað hvernig hægt sé að hagræða betur aðstöðu skólanna. Nú þegar hefur kaffiaðstaða og undirbúingsherbergi verið flutt undir sama þak en áfram verður skoðað hvort hægt sé að hagræða enn frekar.	Vor 2020	Október 2021 er öll starfsemi leikskólans komin undir sama þak. Vor 2023 verður búið að laga aðbúnað á útileiksvæði	Leikskólastjóri og Oddi	Farið yfir stöðuna maí 2023 á Vorfundi Odda.

¹ Bætið við línunum eftir þörfum.

	Unnið verður áfram að aðbúnaði á útileiksvæði næsta skólaár.				
--	---	--	--	--	--

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Stjórnun					
<ul style="list-style-type: none"> Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu allra í leikskólasamfélaginu, starfsfólks, foreldra og barna. 	Allt starfsfólk leikskólans tekur þátt í skólanámskrárgerð. Starfsmannafundur á skólaárinu 2021-2022 verða nýttir að hluta til í þessa vinnu. Óskað verður eftir þátttöku foreldra og hlustað á raddir nemenda. Samhliða þessari vinnu verður unnið að þróun á ferilmöppum og uppeldislegum skráningum sem tengist skólanámskrá. Óskað eftir auka fjármagni til funda.	Hófst vor 2021	Maí 2023	Leikskólastjóri	Verður metið í innra mati vor 2024 þegar starfað hefur verið eftir nýrri skólanámskrá í eitt ár.
<ul style="list-style-type: none"> Gera ætti rýmingaráætlun fyrir leikskólann sýnilega við alla útganga sem tilheyra leikskólanum 	Settar skýrar leiðbeiningar við allar flóttaleiðir skólans og hvar söfnunarstaður er.	Haust 2021	Lok árs 2022	Leikskólastjóri/deildarstjórar	Athugað hvort þetta sé komið upp á veggj í lok árs 2021

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Uppeldis og menntastarf					
<ul style="list-style-type: none"> Leikfangakostur er nokkuð ósamstæður og mætti yfirfara og flokka. 	Flokka betur leikföng á deildum og fá aukið fjármagn til leikfangakaupa á næstu fjárhagsáætlun. Fá styrk til leikfangakaupa hjá foreldrafélagi.	Haut 2021	Maí 2022	Leikskólastjóri, deildarstjórar og allir starfsmenn bera ábyrgð að viðhalda flokkun og taka burt úrsérgengin leikföng	Starfsmannakönnun vor 2022
<ul style="list-style-type: none"> Skoða mætti aðgengi barna að efni til skapandi starfs og framkvæmd listgreinakennslu þar sem lögð er áhersla á ferli frekar en útkomu. 	Útbúa vagna á hjólum með fjölbreyttum efnivið til sköpunar sem börnin geta fengið aðgang að í frjálsum leik og einnig er listgreinakennsla í hópstarfi. Í þemavinnu (sjá starfsáætlun) er hugað að ferli frekar en útkomu.	September 2021	Otóber 2021 Lokið	Leikskólastjóri/ deildarstjórar	Starfsmannakönnun og foreldrakönnun vor 2022
<ul style="list-style-type: none"> Skoða mætti vinnu með frásagnir, sögu og ljóðagerð. 	Unnið verður með frásagnir, sögu og ljóðagerð í þemavinnu skv. starfsáætlun. Einnig verða sögur og ljóð barnanna sett inn í ferilmöppu hvers barns	Haut 2021	Maí 2022	Leikskólastjóri/ deildarstjórar/ hópstjórar	Deildarstjórar skoða hvort sögur og ljóð hafa skilað sér í leikskólamöppuna ár hvert og spurt um þennan þátt í innra mati ár hvert.
<ul style="list-style-type: none"> Gera ætti áætlun um mat á námi og framförum barnanna og reglulegar skráningar á framförum. 	Þetta skólaár fer fram vinna í að afla upplýsinga um hvernig skólinn hyggst bregðast við þessu og gerð verður „námsmatshandbók“. Stofnaður verður vinnuhópur varðandi þetta og samráð haft við starfsmenn og foreldra.	Haut 2021	Maí 2022	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Metið vor 2023 með innra mati

<ul style="list-style-type: none"> • Æskilegt væri að taka upp <i>Uppeldislegar skráningar</i> á námi og framförum barna og bæta ferilmöppur fyrir börnin. 	Þetta skólaár fer fram vinna í að afla upplýsinga um hvernig skólinn hyggst bregðast við þessu. Stofnaður verður vinnuhópur varðandi þetta og samráð haft við starfsmenn og foreldra.	Haust 2021	Maí 2022	Leikskólastjóri og deildarstórar	Metið vor 2023 með innra mati
•					
<ul style="list-style-type: none"> • Skoða ætti möguleika á að gefa börnum tækifæri til að leggja til leiðir í eigin námi 	Þetta er hluti af hópastarfi og samverustundum þar sem hlustað er á þeirra raddir og tekið til greina það sem þau óska. Í vali fá þau einnig tækifæri til að velja sér leikefni, leikfélaga og staðsetningu leiksins. Verið er að innleiða „Jákvæðan aga“ í leikskólanum á þessu skólaári en sú hugmyndafræði tengist þessum þættir.	Haust 2021	Vor 2022	Leikskólastjóri/ deildarstjórar	Athugað í innra mati vor 2022

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl					
<ul style="list-style-type: none"> Fundargerðir foreldraráðs ættu að vera á heimasíðu leikskólans. 	Fá foreldraráð til þess að senda fundargerðir ráðsins til leikskólastjóra svo hægt sé að setja þær inn á heimasíðu skólans	Haust 2021	Mái 2022	Leikskólastjóri og foreldraráð	Leikskólastjóri skoðar ár hvert hvort fundargerðir hafi borist og settar inn
<ul style="list-style-type: none"> Bæta ætti þjónustu Karellen. 	Segja þjónustu Karellen upp. Virkja heimasíðuna meira til fréttu og þar birtist matseðill. Myndir og fréttir deildanna sendar með Sway. Skráning á mætingu verður í kladda.	Ágúst 2021	Júní 2021 Lokið	Leikskólastjóri	Athuga ánægju í foreldrakönnun og starfsmannakönnun vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> Skoða þarf athugasemdir foreldra um heimsóknir prests í leikskólann 	Samtal tekið með fulltrúa foreldra sem hafa á móti þessum heimsóknum og fundin lausn.	Ágúst 2021	Ágúst 2021 Lokið	Leikskólastjóri	Hlustað á raddir foreldra og endurskoðað ef með þarf.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið V – Skóli án aðgreiningar</u>					
<ul style="list-style-type: none"> Vinna ætti markmið fyrir kennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku 	Fullgera móttökuáætlun fyrir börn sem eiga annað móðurmál en íslensku og setja í handbók leikskólans um snemmtæka íhlutun um málþroska „Málörvun alltaf alls staðar“	Haust 2021	Maí 2022	Sérkennslustjóri	Athugað í maí hvort áætlunin sé komin í handbókina

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið VI – Innra mat					
<ul style="list-style-type: none"> Stofna matsteymi í leikskólanum og gera matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir. 	Stofnað verður matsteymi sem samanstendur af leikskólastjóra, deildarstjórum og fulltrúa foreldra. Matsáætlun verður uppfærð.	Október 2021	Apríl 2022	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri skoðar hvort teymið hafi fundað áður en innra mat er lagt fyrir ár hvert.
<ul style="list-style-type: none"> Meta stefnu leikskólans og markmið reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur. 	Matsnefnd skoðar hvaða matstæki skuli nota og setur markmið og viðmið um hvernig skuli reglubundið meta gæði og árangur leikskólastarfsins	Október 2021	Apríl 2022	Matsteymi	Vor 2023 í innra matinu
<ul style="list-style-type: none"> Huga að hlutverki foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. 	Matsnefnd skoðar hlutverk foreldraráðs og áherslur og forgangsröðun við innra mat	Október 2021	Maí 2022	Matsteymi	Vor 2023 í innra matinu
<ul style="list-style-type: none"> Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi. 	Matsnefnd skoðar hvernig og hvaða leiðir er best að fara til að meta eigin starfshætti í daglegu starfi	Október 2021	Maí 2022	Matsteymi	Vor 2023 í innra mati og snerpusamtölum
<ul style="list-style-type: none"> Birta greinargerð um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um 	Setja niðurstöður innra mats á heimasíðu skólans.	október 2021	Nóvember 2021	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri athugar hvort innra matið sé komið inn

framkvæmd og greiningu á styrkleikum og tækifærum					á heimasíðuna ár hvert
---	--	--	--	--	------------------------